



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1659

Fimmtudagur 11. janúar 2023 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Þriðji stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
Fundarritari: Hugrún Elvarsdóttir.
Þátttakendur: Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri, Gísli Reynisson gjaldkeri, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóþrettanefndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður.
Fjarverandi: N/A.

Fundur settur kl. 15.37

Fundardagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1658
2. Svar SSH við ályktun þings og erindi stjórnar SKÍ um opnanir í Skálafelli og staða
3. Fjármál SKÍ – staða og lýsing og áætlanir nefnda fyrir árið 2024.
4. Þjálfaranámskeið á Akureyri snjóþrettum 5. og 6. jan. og skíðagöngu 6. og 7. jan. sl.
5. Helstu viðburðir framundan
 - a. YOG
 - b. HM Unglinga
 - c. Mót SGN í Lygna í Noregi
6. Alpagreinar: Þjálfarar í hæfileikamótun – auglýsing.
7. Fararstjórar og þjálfara veturinn 2023 – 2024.
8. Fréttir frá skíðagreinum, alpagreinar, ganga og bretti
9. Önnur mál
 - a. Stefnumótunarvinna, frh.– samtal við félögin.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1658
 - a. Samþykkt samhljóða.
2. Svar SSH við ályktun þings og erindi stjórnar SKÍ um opnanir í Skálafelli og staða

- a. Móta hefur þurft nýja mótadagskrá skv. nýjum upplýsingum. Búið að koma öllum mótum fyrir nema Landsmótinu. Gríðarlega mikilvægt að við finnum því farveg.
 - b. Umræða um mikilvægi þess að setja kraft í umræðu um uppbyggingu á skíðahúsi á höfuðborgarsvæðinu. Rætt um mismunandi möguleika á staðsetningu.
 - c. Farið yfir breytingar á stefnu er varðar Skálafell og mikilvægi þess að SKÍ komi að borðinu við ákvörðunartöku í þessum málum.
 - d. SKÍ undirbýr grein um mikilvægi þess að byggja skíðahús. Málinu verður fylgt eftir í kjölfarið.
 - e. Umræða um afstöðu SKÍ varðandi svar SSH og mikilvægi þess að svara bréfinu, halda þarf til haga að svarið veldur því að ekki hægt að halda alþjóðlegt skíðamót þar sem stærsti hluti hreyfingarinnar stundar skíði.
- 3. Fjármál SKÍ – staða og lýsing og áætlanir nefnda fyrir árið 2024.**
- a. Lausafjárstaða félagsins er ekki góð.
 - b. SKÍ sér fram á lægri tekjur bæði frá afrekssjóði og alþjóðaskíðasambandinu. Afrekssjóður hefur minni pening milli handanna og FIS er að lækka framlögin um 9,5 milljónir sem skíðahreyfinguna munar mikið um.
 - c. Lausafjárstaðan er viðkvæm á þessu stigi og í ljósi þess að við erum að horfa fram á lækkaðar tekjur er verið að skoða nýjar aðferðir. Nauðsynlegt er meta stöðuna næstu vikur og í kjölfarið taka réttar ákvarðanir.
 - d. Stjórnarmeðlimir benda á mikilvægi þess að upplýsa iðkendur um stöðu sambandsins sem fyrst svo hreyfingin og iðkendurnir geti gert viðeigandi ráðstafanir fyrir komandi mót og æfingar.
 - e. Umræða um mikilvægi þess að setja rauntölur inn jafn og þétt í samstarfi við þá aðila sem sjá um útgjöldin og uppfæra samkvæmt því. Fylgja þarf áætlunum vel eftir. Best væri að samræma verklag á milli nefnda og hafa áætlanirnar sem lifandi skjöl. Ávallt þarf að bera saman áætlun og síðan rauntölur en það mun hjálpa til við að móta fjármálaáætlanir næstu ára.
 - f. SKÍ skoðar mismunandi leiðir til þess að grípa inn í og bregðast við stöðunni og mun upplýsa stjórn um framvindu mála næstu daga og vikur.
- 4. Þjálfaranámskeið á Akureyri snjóbrettum 5. og 6. jan. og skíðagöngu 6. og 7. jan. sl.**
- a. 15 sem tóku þátt hjá SGN, námskeiðin gengu eins og í sögu.
 - b. 20 sem tóku þátt hjá SBN, mikil ánægja með námskeiðin.
- 5. Helstu viðburðir framundan**
- a. YOG
 - i. AGN fékk auka sæti.
 - b. HM Unglinga
 - c. Mót SGN í Lygna í Noregi – úrtökumót.
- 6. Önnur mál**
- a. Stefnumótunarvinna, frh.– samtal við félögin.
 - i. Gerð tilraun til að halda fund í Reykjavík um daginn sem gekk ekki eftir.
 - ii. Spurning um að reyna að taka aftur fund á næstu 2 vikum en framkvæmdastjóri SKÍ upplýsa stjórnarmenn um hver lending verður.

Fundi slitið kl. 17.00.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð